

Eygerður Margrétardóttir  
framkvæmdastýra Staðardagskrár 21  
Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 31. mars 2009

**Efni: Umsögn Prýðifélagsins Skjaldar um drög stefnu og aðgerðaáætlun í loftslags- og loftgæðamálum Reykjavíkurborgar**

Prýðifélaginu Skildi hefur borist beiðni frá Trausta Jónssyni, frístundaráðgjafa í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, um umsögn um drög að stefnu og aðgerðaáætlun í loftslags- og loftgæðamálum Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi eru athugasemdir stjórnar Prýðifélagsins við einstaka liði draganna.

**Liður 4.1. Stutt verði við aukna notkun vistvænna samgöngukosta og dregið úr ferðapörf íbúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar.**

Prýðifélagið hefur í gegnum árin beitt sér fyrir bættum samgöngum milli Skerjafjarðar sunnan flugbrautar og annarra hluta Vesturbæjar. Hinn 16. mars sl. var eftirfarandi bréf sent hverfisráði Vesturbæjar og þar er að finna viðbrögð stjórnarinnar við lið 4.1 um vistvæna samgöngukosti.

Hverfisráð Vesturbæjar  
Vesturgarði  
Hjarðarhaga 45-47  
107 Reykjavík

Skerjafirði, 18. mars 2009

Til hverfisráðs Vesturbæjar

Undanfarið hafa íbúar í Skerjafirði tekið eftir því að dregið hefur úr snjómokstri í hverfinu og aðalgöngutenging við skólana í Vesturbænum, háskólasvæðið og fleiri staði er ekki lengur rudd á morgnana. Fólk þarf því iðulega að vaða saltblandað krapið af götunni. Samkvæmt yfirlitskorti frá framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar sem endurskoðað var í janúar sl. eru gangstéttir í Skerjafirði, þ.e. við Einarsnes og Bauganes, sem og við Suðurgötu fyrir flugvöll, ekki lengur á forgangslista. Þar skal snjóhreinsun nú lokið fyrir kl. 12 á virkum dögum en ekki kl. 8 að morgni, eins og áður var.

Þeir sem eiga leið í strætó eða gangandi til vinnu sinnar á háskólasvæði eða í Miðbæ, skólabörn sem sækja Hagaskóla og þeir sem eiga erindi á leikskóla eða í veg fyrir skólabílinn geta því ekki lengur reitt sig á að gangstéttir séu ruddar tímanlega. Þess ber að geta að ekki eru strætisvagnaferðir úr Skerjafirði í Vesturbænn. Hvorki Strætó bs. né framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar veita íbúum Skerjafjarðar því fyrsta flokks þjónustu.

Af þessu tilefni samþykkti stjórn Prýðifélagsins Skjaldar eftirfarandi ályktun á fundi sínum 17. mars sl.:

*Stjórn Prýðifélagsins Skjaldar, íbúasamtaka Skerfirðinga, harmar lakari þjónustu við gangandi vegfarendur í Skerjafirði hvað varðar snjóhreinsun og söndun gönguleiða. Þetta er sérstaklega bagalegt í ljósi þess að engar strætisvagnasamgöngur eru milli Skerjafjarðar og Vesturbæjar þangað sem íbúar hverfisins sækja hvers kyns þjónustu, þ.e. heilsugæslu, apótek, verslun, grunnskóla, tónlistarskóla, íþróttir, tómstundir, sundlaugar o.m.fl. Margir þurfa því að komast leiðar sinnar gangandi.*

*Stjórnin skorar á hverfisráð Vesturbæjar að sjá til þess að úr þessu verði bætt hið snarasta. Jafnframt beiti hverfisráð sér fyrir því að komið verði á góðum strætisvagnasamgöngum milli Skerjafjarðar og Vesturbæjar.*

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnarinnar,  
Eggert Hjartarson formaður  
Reynisnesi við Skildinganes

**Liður 4.2. Notkun óvélknúins ferðamáta aukist og stefnt er að því að hlutdeild hjólandi og gangandi verði 30% árið 2020.**

Meðfram sjávarsíðu Skerjafjarðar er göngu- og hjólreiðastígur sem er mikið notaður allan ársins hring, til útivistar, íþróttaiðkunar og samgangna, enda snjómokstri og söndun ekki ábótavant á stígnum. Nýverið var svo útbúinn sérstakur hjólastígur, aðgreindur frá göngustígnum á köflum, og hjólreiðamönnum jafnframt beint út á Suðurgötu, Einarsnes og Skeljanes, með merkingum í götunni. Frágangi er ekki lokið og ekki komin reynsla af þessari ráðstöfun en stjórnin leggur áherslu á að kostir og gallar þessa fyrirkomulags verði vandlega metnir, m.a. hugað að hugsanlegri hættu á slysum þar sem bifreiðar og hjól fara um sömu götur.

Vert er að benda á að stígar með sjónum eru lítt varðir fyrir vindi og því minna notaðir í roki og slæmu veðri. Sérstaklega eru stígurinn við enda flugbrautarinnar og gangstéttin meðfram Suðurgötu mjög opin fyrir veðri og vindum og erfitt fyrir minni börn að fara þar í vetrarveðrum (t.d. að stoppustöð við Stúdentagarða). Til þess að auka hlutdeild gangandi og hjólandi allt árið þarf að huga að skjólmyndun, bæði lágvöxnum trjágróðri meðfram leiðum við sjó og öruggum gönguleiðum í þéttari byggð þar sem skjól er meira allt árið.

*Aðalatriðið er þó að strætisvagnasamgöngur verði raunhæfur valkostur fyrir Skerfirðinga til þess að umferð einkabíla sé ekki eini möguleikinn til að komast í tómsundur eða verslanir í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi. Börnum úr Skerjafirði sem stunda íþróttæfingar, tónlistarnám og annað frístundastarf á KR-svæðinu, í sundlaug Vesturbæjar og víðar í Vesturbænum er iðulega ekið þangað enda ekki raunhæfur kostur að taka strætó, eins og fyrr greinir. Dæmi eru um að foreldrar þurfi að fara allt að 20 ferðir á viku til að keyra og sækja börn sín í tómsundastarf. Fækka mætti þessum ferðum og öðrum snúningum gríðarlega með því að bæta almennings-samgöngur milli Skerjafjarðar og annarra hluta Vesturbæjar.*

Einnig má nefna að versluninni Skerjaveri hefur nú verið lokað og því er engin matvöruverslun lengur í stuttu göngufæri. Ætla má að allar búðarferðir séu því farnar á bíl. Margir Skerfirðingar sakna Skerjavers og telja mikil lífsgæði fólgin í því að komast gangandi í búðina. Prýðifélagið varpar því þeirri hugmynd fram að borgin íhugi möguleika á að draga úr verslunarferðum borgarbúa á einkabílum, t.d. með því að stuðla að netinnkaupum, matvörubíl (sbr. bókabíl) eða annarri nýrri hugsun í verslunarmáta. Mikilvægt er að stefna að því að fjölskyldur eigi möguleika á að komast af án bíls, eða að minnsta kosti að hverri fjölskyldu nægi einn bíll.

**Liður 4.4. Dregið verði úr mengun vegna slits á götum, m.a. með því að draga úr nagladekkjanotkun þannig að árið 2012 verði 20% bifreiða á nagladekkjum.**

Stjórn Prýðifélagsins telur að með bættum samgöngum strætisvagna megi komast hjá umtalsverðu sliti á götum vegna nagladekkja og mengun af svifryki og útblæstri bifreiða.

Með kveðju og þökk,  
f.h. stjórnar Prýðifélagsins Skjaldar,

Ottó Eðvarð ritari